

# EINN LEIKSKÓLI – MÖRG TUNGUMÁL

Leiðarvísir um skráningu á framförum  
barna í íslensku sem öðru máli



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Útgáfa:** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 2015

**Höfundar:** Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney  
Jónsdóttir

**Uppsetning:** Guðrún Hjartardóttir

**Sérstakar þakkir fyrir ábendingar og athugasemdir:**  
Juliane Wilke

## Inngangur

Tilgangur þessa leiðarvísis er að auðvelda leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla að skrá og fylgjast með framförum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Ekki er um próf eða mælitæki að ræða heldur er hér á ferðinni verkfæri sem leiðbeinir um skráningar og mat á tungumálinu og málumhverfi leikskólans. Fyrst og fremst er verið að beina athyglinni að máltöku barnanna í íslensku sem öðru máli en einnig bent á leiðir til að styðja við og vinna með fjölbreytt móðurmál þeirra.

Markmiðið er að styðja við bernskulæsi barna með annað móðurmál en íslensku en í því sambandi er einnig bent á læsisstefnu leikskóla *Lesið í leik*, Fjölmeningarstefnu SFS; *Heimurinn er hér* og *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Óskandi er að þessi leiðarvísir geti auðveldað leikskólakennurum og foreldrum að átta sig betur á því hvar barnið er stadd í máltökunni um leið og bent er á fjölbreyttar leiðir til að styðja við máltöku og bernskulæsi frá upphafi leikskólagöngunnar.

Margt hefur áhrif á hvernig barni gengur að tileinka sér annað tungumál og koma þar bæði til ytri þættir eins og málumhverfi og samskipti við barnið og innri þættir eins og aldur, þroski, áhugahvöt, máltaka fyrsta máls, sjálfsmynd og félagsleg færni. Fræðimenn hafa bent á að máltaka annars máls þróist í nokkrum þrepum eða áföngum en hafa þarf í huga að alltaf er einstaklingsmunur á því hversu fljót börn eru að tileinka sér skilning á nýja tungumálinu og hversu fljótt þau fara að tala íslensku. Í leiðarvísinum er fjallað stuttlega um þá áfanga sem einkenna máltöku annars máls hjá börnum á leikskólaaldri og bent á leiðir til að skrá framfarir og styðja við ung börn á leið til aukinnar færni í tungumálinu.

Mikilvægt er að vera í góðu samstarfi við foreldra, styðja þá við að viðhalda móðurmáli barna sinna og veita þeim tækifæri til að fylgjast með framförum þeirra. Alltaf skal þó hafa í huga að það er val foreldra hvort þeir vilja viðhalda móðurmáli barnsins. Lykillinn að góðum námsárangri barna felst í því að viðhalda og þróa móðurmál þeirra á markvissan hátt um leið og þau tileinka sér íslensku sem annað mál. Þannig er stuðlað að virku tvítyngi barna.

### Nokkur atriði sem mikilvægt er spyrja sig og hafa í huga:

- Hvernig er unnið með málörvun allra barna í leikskólanum - henta aðferðirnar börnum sem eiga annað móðurmál og hvernig vitum við það?
- Er unnið með alla þætti málsins, orðaforða, skilning, ritmál, hljóðkerfisvitund, frásögn, tjáningu og hlustun líkt og hjá öllum börnum?
- Er málörvun og sérstakur stuðningur við máltöku barnsins skipulögð þannig að barninu gefist tækifæri til að undirbúa sig til þess að taka þátt í viðfangsefnum og vinna úr nýrri reynslu og þekkingu? (Dæmi: undirbúningur og úrvinnsla vettvangsferðar eða bóklesturs og Könnunaraðferðin).
- Hvert er viðhorf og viðmót starfsfólks til barnsins og fjölskyldunnar?
- Byggist mat á námi og framförum barna á styrkleikum þeirra, þekkingu og fyrri reynslu?
- Er umhverfi leikskólans, samskipti, efniviður, hópaskiptingar og stuðningur nýtt til að virkja þátttöku barnsins í daglegu starfi?
- Er haft í huga að barn þarf tíma, ró, næði, gleði og streitulaus samskipti til að ná tökum á íslensku?
- Hvaða orð eru notuð til að lýsa færni og getu barna og foreldra? Barn sem talar annað móðurmál en íslensku er ekki mállaust og það er virðingarleysi að tala um það eða foreldra þess á þann hátt.
- Byggist samstarf milli leikskóla og foreldra/fjölskyldu á trausti, virðingu og næmi fyrir ólíkum þörfum á grundvelli fjölbreyttrar menningar?

# 1 Fyrsti áfangi - Barn sem er byrjandi í íslensku

Máltaka ungra leikskólabarna, bæði á móðurmáli og íslensku hvílir nær eingöngu á því hlutverki sem fullorðnir spila í samskiptum við börnin og hversu ríkt málumhverfi þeim er búið. Í upphafi leikskólagöngu í nýju málumhverfi er næsta víst að barnið skilur lítið í íslensku og getur lítið sem ekkert tjáð sig á íslensku. Skilningurinn er fljótari að koma en tjáningin og því skiptir miklu að barnið fái mörg tækifæri til þátttöku og samskipta og að hinir fullorðnu noti eðlilegt og gefandi samskiptatungumál, ekki síst til að gefa öðrum börnum í barnahópnum fyrirmynd að góðum samskiptum. Eftir því sem börnin eru eldri þegar þau byrja í leikskólanum eru þau komin lengra í máltöku móðurmáls. Um leið eru þau þroskaðri og hafa meiri lífsreynslu og eru þannig oft fljótari til að byrja að tjá sig á íslensku. Yngri börnin eru á svipuðum stað í máltökufærli móðurmáls og annars máls, þau nota því gjarnan móðurmálið til að reyna að ná sambandi við umhverfi sitt.

Gott og náið samstarf leikskóla og fjölskyldu er nauðsynlegt til að barnið finni sig öruggt í leikskólanum og hafi þar með möguleika á að halda áfram að þroska móðurmálið og tileinka sér íslensku. Kannið hvort starfsfólk í leikskólanum tali sama tungumál og barnið en með þeirra aðstoð má styrkja og styðja barnið á fyrstu skrefum þeirra í nýju málumhverfi.

Viðfangsefni	Ef barnið gerir ekki	Vert að hafa í huga
Barnið bregst við nafninu sínu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fá leiðbeiningar hjá foreldrum um réttan framburð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nefnið nafn barnsins oft og reglulega þannig að barnið upplifi sig velkomið og hluta af hópnum.</li> </ul>
Barnið skilur einfaldar spurningar og fyrirmæli s.s borða, leika, fara út, nota klósett.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skráið tilraunir sem barnið gerir til að skilja fyrirmæli.</li> <li>Nýtið dagskipulag með myndum, farið til barnsins, nefnið nafn þess og sýnið hvað er næst á dagskrá.</li> <li>Notið myndir, leikföng, líkamstjáningu, snertingu, bendingar, bros og látbragð til að auðvelda skilning.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Barnið reynir að nota móðurmálið en skilur fljótt að það virkar ekki í þessum nýju aðstæðum.</li> <li>Börn sem eiga erfitt með að lesa í umhverfi sitt þurfa stuðning við að skipta á milli viðfangsefna.</li> <li>Gefið barninu tækifæri til að vera virkur þátttakandi í daglega starfinu og leikjum sem krefjast þess ekki að þau tali íslensku.</li> <li>Gott getur verið að senda myndir heim til foreldra og hvetja þá til þess að ræða reynslu barnsins í leikskólanum við það á móðurmálinu.</li> </ul>
Barnið spyr einfaldra spurninga, eitt eða tvö orð (leika, út, ég leika) eða notar óyrt skilaboð til að fá athygli.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bregðist við óyrtum skilaboðum, bendinum eða látbragði með því að orða óskir og látbragð barnsins.</li> <li>Notið myndir af barninu sjálfu í ólíkum aðstæðum og viðfangsefnum daglega starfsins.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Talið við barnið í heilum setningum og á sem eðlilegastan hátt.</li> <li>Myndir af barninu sjálfu geta hjálpað því að átta sig á aðstæðum en barn lærir ekki tungumál af því einu að skoða myndir.</li> <li>Mikilvægt er að endurtaka orð og setningar og leggja áherslu á merkingu einstakra orða.</li> </ul>
Barnið velur að reyna ekki að tjá sig	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipuleggið fámenna hópa út frá áhuga barnanna þar sem þau fá tækifæri til að heyra góða íslensku.</li> <li>Veitið barninu tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt s.s. í myndsköpun, látbragði, leik, tónlist, hreyfingu eða öðru því sem reynir ekki á íslensku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þrátt fyrir að barnið noti ekki íslensku þarf hinn fullorðni að vera virkur í samskiptum við barnið.</li> <li>Umhverfið (kennari, börn) þarf að vekja áhuga barnsins svo það upplifi hvöt til að tjá sig og taka þátt.</li> <li>Á þessum tíma eru börnin að hlusta og átta sig á nýja tungumálinu og umhverfinu. Þau hafa bæði þörf fyrir að vera virk en þurfa líka stundum frið og ró.</li> </ul>

## 2 Annar áfangi - Barn sem er búíð að vera í íslensku málumhverfi í leikskólanum í talsverðan tíma

Misjafnt er hversu fljótt börn fara að tjá sig á íslensku en þegar barn hefur dvalið um tíma í leikskóla, nokkra mánuði eða lengur, er það yfirleitt farið að reyna að tjá sig við börn og starfsfólk á einfaldan hátt á íslensku. Yfirleitt skilur barnið meira en það getur sagt en skilningur barnsins ætti að birtast í virkni þess og þátttöku.

Mikilvægt er að skrá og fylgjast með framförum barnsins til að átta sig á því hvort grípa þurfi inn í með meiri íhlutun. Markmiðið ætti að vera að nýta sem flest tækifæri í leik og skipulögðu starfi til að ýta undir málþroska, kenna ný orð og auka skilning barnsins.

Viðfangsefni	Ef barnið gerir ekki	Vert að hafa í huga
Barnið skilur fyriræli sem tengjast daglegum verkefnum s.s. matmálstímum, leiktímum, útiveru, bregst við þeim og skiptir yfir í nýjar aðstæður án mikilla vandkvæða.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Farið yfir dagskipulagið með barninu myndrænt eða með einhverjum sem talar móðurmál þess.</li> <li>Leggið inn setningar og orð sem tengjast daglegum verkefnum.</li> <li>Styðjið við skilning barnsins með því að nota heilar og réttar setningar og endurtaka oft einstaka lykilorð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Barnið skilur oft orðasambönd, <i>frasa</i>, þó þau skilji ekki alltaf hvert einstakt orð.</li> <li>Gott er að kynna dagskipulagið og viðfangsefni í leikskólanum fyrir foreldrum og hvetja þá til að ræða um það við börnin á móðurmálinu.</li> <li>Með því að brúa bilið á milli íslensku og móðurmáls er verið að auka möguleika barnsins á dýpri skilningi á orðum og viðfangsefnum.</li> </ul>
Barnið svarar spurningum og tekur þátt í einföldum samræðum sem tengjast umhverfi, leik og daglegum verkefnum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvernig og hvenær er spurt?</li> <li>Leggið áherslu á samræður um merkingu í stað spurninga.</li> <li>Notið vísbendingar og viðeigandi orðaforða með það að markmiði að barnið fái tækifæri til að endurtaka og æfa sig.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ný orð þarf að kenna í raunverulegum aðstæðum hverju sinni.</li> <li>Oft finnst börnum erfitt að tala fyrir framan stóran hóp af börnum.</li> <li>Börn sem eru að læra ný orð þurfa að heyra þau mjög oft áður en þau festa þau í minni.</li> </ul>
Barnið fylgist með í samverustund/hópastarfi og reynir að taka þátt t.d. með því að leita skýringa eða gera athugasemdir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoðið hópastærðir.</li> <li>Notið endurtekningar, orðaleiki, söng, rímur og takt.</li> <li>Notið myndir, handbrúður, leikræna tjáningu, teikna á tússtöflu.</li> <li>Lesið sögur með endurtekningum og frösum sem barnið getur endurtekið með hópnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Of fjölmennir barnahópar draga úr möguleikanum á því að barnið verði þátttakandi.</li> <li>Þegar barnið fer með texta í samsöng eða samlestri og endurtekningum er það að æfa íslenskuna.</li> <li>Auðveldara er fyrir barnið að æfa sig í að segja orð og setningar með öðrum í stað þess að vera eitt að tjá sig fyrir framan aðra.</li> </ul>
Barnið tekur þátt í leik með öðrum börnum og notar eða reynir að nota yrt/óyrt samskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Blandið saman í hópa börnum sem tala íslensku og börnum sem eru að læra íslensku.</li> <li>Notið kennslufræðilegan leik til að örva orðaforða og málnotkun.</li> <li>Fær barnið tækifæri til að nota móðurmál sitt í samskiptum?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennarinn þarf að leiða barnið í gegnum athafnir og leik með ríku tungumáli þó að barnið svari ekki á íslensku.</li> <li>Barnið sem er að læra íslensku þarf að heyra orð og setningar endurtekið og í viðeigandi aðstæðum.</li> <li>Önnur börn eða fullorðnir sem tala móðurmál barnsins geta stutt við nám þess og skilning um leið og íslenskunni er bætt við.</li> </ul>
Barnið tekur virkan þátt í söng og leik með orð, rím, þulur og vísur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Syngið oft sama lagið</li> <li>Notið fjölbreytta orðaleiki, rím og þulur</li> <li>Notið hreyfingar, látbragð og texta með endurtekningum til að barnið geti æft sig og tekið þátt.</li> <li>Sendið heim til barnanna íslenska texta (hljóðskrár) af þeim lögum sem verið er að syngja</li> <li>Lærið eða hlustið á sönglög á tungumálum barnanna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Það tekur tíma að læra nýtt tungumál og barnið þarf mörg tækifæri til að heyra og æfa sig í íslensku í fjölbreyttum aðstæðum.</li> <li>Söngur, taktur, endurtekningar og hreyfingar auðvelda börnum að ná tökum á tungumálinu.</li> <li>Margar vísur og lög sem sungin eru á íslensku eru líka til á fleiri tungumálum.</li> <li>Þegar sendar eru heim upplýsingar um það hvað verið er að syngja í leikskólunum gefst foreldrum tækifæri til að hlusta með börnunum.</li> </ul>

### 3 Þriðji áfangi - Barn sem er farið að nota íslensku í samskiptum og leik

Smátt og smátt þróast málnotkun barna frá einföldu máli og frásabundnum setningum sem þau hafa lært utanbókar, án þess að skilja á dýptina, yfir í þeirra eigið skapandi og sjálfsprottna tungumál íslenskunnar. Þó að börn með annað móðurmál en íslensku hafi öðlast færni til þess að eiga í samræðum er ekki endilega um að ræða að þau hafi náð fullkomnum tókum á íslenskunni. Íslenskan þeirra einkennist af því að þau hafa ekki enn náð fullum tókum á orðaforða, orðanotkun, setningaupbyggingu, málfræði og jafnvel framburði. Þess vegna er nauðsynlegt að vinna markvisst með tungumálið í samræmi við vaxandi getu barnanna til að nota íslensku.

Það er mjög mismunandi hversu börn verja stórum hluta dagsins í íslensku málumhverfi en það hefur áhrif á þróun íslensku sem annars máls. Það er beint samhengi á milli þess hversu mikið er lesið fyrir börn á íslensku og hversu mörg tækifæri þeim gefast til að eiga í samræðum og læra ný orð við það hversu vel þau æfast í notkun íslenskunnar og hversu hratt þau byggja upp nýjan orðaforða. Í leikskólanum á að nýta sem flest tækifæri í frjálsum og kennslufræðilegum leik og skipulögðu starfi til að auka magn og gæði íslenskunnar í málumhverfinu.



Viðfangsefni	Ef barnið gerir ekki	Vert að hafa í huga
<p>Barnið tekur þátt í samræðu við önnur börn.</p> <p>Barnið er virkt í ákvarðanatöku um framvindu í leik.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skráið samskipti barnanna í leiknum og hlustið eftir orðaforða barnsins.</li> <li>Vinnið markvisst með skilning og tjáningu, orðaforða (fjölga orðum og auka skilning).</li> <li>Veljið ákveðin orð til að vinna með í gegnum leikinn hverju sinni og leggið sérstaka áherslu á þau í samskiptum við barnið.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfið er þriðji kennarinn</li> <li>Leikurinn veitir barninu öruggt umhverfi til að prófa ný orð og þekkingu.</li> <li>Mikilvægt er að vinna með fjölbreyttan orðaforða, orð sem tilheyra grunnorðaforða en einnig milliorðaforða.</li> <li>Oft verða of litlar væntingar, til barna, til þess að gerðar eru of litlar kröfur til þeirra.</li> </ul>
<p>Barnið tjáir tilfinningar sínar, segir frá hugsunum og reynslu ásamt því að ræða um það sem það hefur upplifað innan eða utan leikskólans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgist með og skrá hvað barnið er að tala um í leikstundum, útiveru og hópastarfi.</li> <li>Kynnist betur áhugamálum barnsins og styrkleikum og vinnið þaðan.</li> <li>Skiptist á upplýsingum við foreldra um hvað er verið að gera í leikskólanum og heima til að hægt sé að tala um viðfangsefnin á báðum tungumálum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikilvægt er að barnið þjálfist smátt og smátt í samræðum um huglæg viðfangsefni.</li> <li>Með því að skoða með barninu myndir þar sem það er þátttakandi í athöfnum leikskólans eða með fjölskyldunni gefst tækifæri til að styðja barnið í frásögninni.</li> <li>Þegar byggt er á áhugasviði og styrkleikum barnsins í náminu er líklegra að það öðlist hvata til þátttöku.</li> <li>Þegar barnið hefur öðlast ákveðna þekkingu á móðurmálinu er auðveldara að yfirfæra hana á íslensku.</li> </ul>
<p>Barnið tekur þátt í rökræðum með börnum og kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Notið tímann við matarborðið, í samverustundum o.fl. til að koma af stað samræðum milli barnanna.</li> <li>Tengið umræðuna við reynslu barnanna og áhuga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raunverulegur efniviður og viðfangsefni ýta undir virka þátttöku, samræðu um merkingu og uppbyggingu þekkingar.</li> <li>Þegar barnið fær líka tækifæri til að ræða um reynslu sína á móðurmálinu dýpkar skilningur þess á viðfangsefninu.</li> </ul>
<p>Barnið tekur þátt í sögugerð/ljóðagerð eða öðrum viðfangsefnum um tungumálið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Athugið hvort hópurnir er hæfilega stór og hvernig samsetning hans er.</li> <li>Skoðið hvort það er einn eða fleiri í barnahópnum sem alltaf hafa orðið.</li> <li>Leitið leiða til að hlusta á og koma rödd barnsins á framfæri.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Teikningar, loðtöflusögur, myndir og handbrúður ýta undir virka þátttöku barnanna.</li> <li>Allar tilraunir barnsins eru mikilvægar og hægt er að fara ólíkar leiðir til að koma merkingu þeirra á framfæri.</li> <li>Skráning í myndum, textum, myndböndum eða teikningu getur ljáð barninu rödd og ýtt undir sterka sjálfsmynd.</li> </ul>
<p>Barnið ræðir við foreldra sína um leikskóladaginn.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Setjið upp myndir af því sem börnin voru að gera og sýnið foreldrum eða sendið heim.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður á móðurmáli um viðfangsefni íslenskunnar dýpka skilning barnanna og ýta undir skilning á íslensku.</li> </ul>
<p>Barnið þekkir íslenska bókstafi og getur skrifað nafnið sitt.</p> <p>Barnið þekkir hljóð íslenskra bókstafa.</p> <p>Barnið sýnir ritmáli og lestri bóka áhuga, bæði á íslensku og móðurmáli.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgist með og skráið hvort barnið hefur áhuga á bókstöfum og tölum.</li> <li>Vinnið með og hafið sýnilegt ritmál, á móðurmáli og íslensku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna þarf með alla þætti málsins og styrkja undirstöðufærni læsis líkt og hjá öllum börnum. (sjá. <i>Viðmið fyrir læsi - Læsisstefnu leikskóla "Lesið í leik" bls. 16</i>).</li> <li>Mikilvægt er að upplýsa foreldra um áherslur bernskulæsis og stuðla að því að barn þrói bernskulæsi einnig á móðurmáli.</li> </ul>

## Atriði sem þarf að fylgjast með og skrá reglulega

Allir þættir máls (orðaforði, skilningur, tjáning, hljóðkerfisvitund, hlustun, ritmál sjá læsisstefnuna *Lesið í leik*)

---

---

Hugtakaskilningur

---

---

Talnaskilningur

---

---

Formskilningur

---

---

Notar samtengingar

---

---

Beyging orða

---

---

Notar forsetningar

---

---

Rétt setningaskipan \_\_\_\_\_

Einstaklingsverkefni í ákveðinn tíma \_\_\_\_\_

Tími: \_\_\_\_\_

Ábyrgðarmaður: \_\_\_\_\_




<b>ORÐAFORÐI – MÁLKILNINGUR</b> Hvað þarf að leggja inn á næstu vikum?	<b>FÉLAGSFÆRNI</b> Hvaða þætti í samskiptum á að leggja áherslu á næstu vikum?	<b>FORELDRASAMVINNA</b> Hvaða leiðir er hægt að fara til að tengja saman móðurmál og íslensku?

## Hugmyndir að leiðum til að fylgjast með og skrá færni og framfarir barna

### Ljósmyndir/vídeó

Barnið tekur myndir af því sem það hefur áhuga á inni eða úti í leikskólanum og heima.

Kennarinn sest niður með barninu og ræðir við það um myndirnar og reynir að fá barnið til að lýsa því sem er á myndunum.



### Viðtal við barn

Velja rólegt umhverfi. Viðtalið við barnið snýst um eitthvað sem það er nýbúið að upplifa í leikskólanum, bók sem barnið hefur áhuga á, vettvangsferð eða eitthvað annað. Hljóðrita viðtalið svo kennarinn þurfi ekki að skrá það sem barnið segir.

Kennarinn skráir síðan viðtalið nákvæmlega eins og það fer fram, þ.e. öll hlé, hik barnsins, endurtekningar, ranga eða rétta orðanotkun og málfræði



### Ýmiskonar leikir

Leikur með handbrúður þar sem börnin hafa hlutverk.

Leikur með leir.

Leikræn tjáning út frá sögu eða spuna.



## Nokkrar leiðir til að styðja við börn með annað móðurmál í nýju málumhverfi

- **Í byrjun:**

- Nýtið móðurmálið til að brúa á milli tungumála (tvítyngt starfsfólk, rafræna tækni, foreldra, eða lærið nokkur lykilorð eða frasa á móðurmáli barnsins).
- Útbúið myndrænar samskiptabækur þar sem eru myndir af barninu í fjölbreyttum aðstæðum skrifið orðin við á íslensku og biðjið foreldra að skrifa orðin á móðurmálinu og ræða heima um nýja reynslu og upplifun úr leikskólanum.
- Notið nafn barnsins mikið og reglulega þannig að það upplifi sig sem hluta af hópnum.
- Munið eftir húmornum 😊
- Lánið eða upplýsið foreldra um bækur sem er verið að lesa og hvetjið til lesturs eða samræðu um myndir á móðurmáli.
- Veitið barninu tækifæri til að hitta önnur börn sem tala sama móðurmál.
- Syngið mikið og notið hreyfingar, endurtekningar og tákni með söngnum. Lærið og syngið lög á nokkrum tungumálum.
- Skapið aðstæður í leik og daglegum venjum sem hvetja til samskipta á milli barna (t.d. hjálpast að við að ná í hluti, velja bækur, ganga frá).
- Viðurkennið að börnin noti óyrt tjáskipti, augnsamband, látbragð og bendingar til að gera sig skiljanleg.
- Haldið áfram að tala við börnin jafnvel þó að þau svari ekki.
- Talið á eðlilegan hátt við barnið án þess að hækka röddina og án þess að einfalda málið of mikið.
- Talið ykkur í gegnum dagleg verkefni þannig að börnin heyri orðin og tungumálið í réttu samhengi. (D: Núna set ég að setja kubbinn ofan í körfuna, nú renni ég upp rennilásnum)
- Notið vísbendingar með orðum og fyrirmælum til að gera samskipti skiljanlegri t.d. með því að nota bendingar, látbragð eða augngotur.

- **Smátt og smátt:**

- Skapið aðstæður sem hvetja til þess að æfa tungumálið í gegnum leikinn og þar sem leikskólakennarinn ýtir undir skilning og uppgötvun.
- Skapið aðstæður sem hvetja barnið til þess að æfa sig í íslensku án þess að það upplifi mikla streitu, t.d. í sandleik eða vatnsleik, leik með grjónum, leir eða annað þar sem hægt er að spjalla saman á rólegu nótunum en barnið upplifir sig ekki í yfirheyrslu fyrir framan hin börnin.
- Veitið börnunum hlutverk og tækifæri til að aðstoða í samstarfi við börnin á deildinni (borðþjónn, bókaþjónn, huggari, veðurfræðingur o.fl.) m.a. til að læra orðaforða sem tengist hlutverkum.
- Segið og lesið sögur með endurtekningum þar sem börnin fá tækifæri til að æfa sig með því að segja orð og setningar upphátt með öðrum börnum.
- Byggið samræður í barnahópnum upp á þann hátt að börn sem eru að læra íslensku sem annað mál upplifi að þau tilheyri hópnum, á þau sé hlustað og leitað leiða til að virkja þau án þess að stilla þeim upp fyrir framan hin börnin til að svara spurningum.
- Hvetjið börnin til að hlusta vel hvert á annað og læra hvert af öðru, t.d. orð á ólíkum tungumálum.
- Gefið skýr og einföld fyrirmæli: “náðu í úlpuna þína” “þvoðu þér um hendur”
- Lesið fyrir barnið hvenær sem tækifæri gefst og ræðið við það um reynslu sína og upplifun.
- Notið hrós, hvatningu og hvert tækifæri til að eiga í samskiptum.